


gera eitthvað fyrir hann. Ella reynum við að komast hjá öllu, sem okkur er unt.

Svo ein spurning:

Þegar einhver er vondur við ykkur, hefnið þið ykkar þá eins og hundurinn sá arna gerði, sem sagan er um?



TIL GAMANS.

Mismæli. — Presti nokkrum, sem oft var utan við sig, hætti við að segja ýmislegt, sem sóknarbörn hans brostu að. Einn sunnudag bar hann fram eftirfylgjandi auglýsingu: „Öll börn, sem eiga foreldri, er þurfa að skirast, eru beðin að koma næsta sunnudag með þau til skírnar, að lokinni morgunguðsþjónustu.“

Nærgætni. — Litill drengur biður mömmu sína að ljá sér blýant. Hún svarar: „Ég lét penna og blek á stofuborðið handa þér til þess að skrifa með lexíuna þína. Því viltu ekki heldur brúka það en blýant?“

Drengurinn þegir stundarkorn. Segir síðan með mestu stillingu: „Mamma, heldurðu ekki, að „Löögberg“ sé gagnlegt blað?“

„Jú, auðvitað! En hvað?“ — „Já, sjáðu til,“—segir strákur—„ég þarf að fá blýant til þess að skrifa ritstjóranum og biðja hann að gefa mér ráð til þess að ná blekblettum úr gólf-teppum.“

„Sameiningin“ kemur út mánaðarlega. Hvert númer tvær arkir heilar. Verð einn dollar um árið. Skrifstofa 118 Emily St., Winnipeg, Canada. „Börnin“—barnablaðið nýja—er sérstök deild í „Sam.“, hálf örk. *Address* ritstjóra „Barnanna“: Selkirk, Man. — „Börnin“ koma og út sérstaklega—og eru seld fyrir 35 ct.

Hr. *Jón J. Vopni* er féhirðir og ráðsmaðr „Sam.“ og „Barnanna“. Einnig gegnir hann féhirðisstörfum fyrir kirkjufélagið, og sé honum greidd öll tillög í sjóð félagsins.

Address: Sameiningin, P. O. Box 689, Winnipeg, Man.,
Canada.